

## VILJAYFIRLÝSING


um samstarf milli Háskóla Íslands og Hallormsstaðaskóla

Á vordögum 2023 hófst óformlegt samtal milli stjórnenda Hallormsstaðaskóla og Háskóla Íslands um eflingu háskólanáms á Austurlandi með þróun náms við Hallormsstaðaskóla á vegum Háskóla Íslands. Íslenskt samfélag, líkt og aðrar þjóðir, stendur frammi fyrir brýnum áskorunum vegna mikilla samfélagsbreytinga, loftlagsbreytinga og þjóðflutninga á alþjóðavísu. Hallormsstaðaskóli hefur frá fyrri hluta 20. aldar verið leiðandi í þróun hagnýts hússtjórnarnáms sem byggist á sérstöðu íslensks samfélags og náttúru. Á síðustu árum hefur námið tekið umtalsverðum breytingum í takt við nýjar kröfur samfélags og breyttra aðstæðna. Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á sjálfbærni í rannsóknum og kennslu, og hefur á undanförunum árum markvisst innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna inn í starfsemi skólans. Samstarf við Hallormsstaðaskóla getur opnað á framboð verklegs og hagnýts náms í Skapandi sjálfbærni þar sem nemum Háskólans gefst kostur á sérhæfðu verklegu rannsóknarnámi undir faglegri handleiðslu sérfræðinga á sviði sjálfbærni, hönnunar, umhverfis- og loftlagsbreytinga, matvælagæðar, o.s.frv.


Með viljayfirlýsingu þessari samþykkja rektor Háskóla Íslands og skólameistari Hallormsstaðaskóla að hefja formlegar viðræður um mögulega samvinnu um nám í Skapandi sjálfbærni á háskólastigi sem fram færi við Hallormsstaðaskóla á vegum Háskóla Íslands. Aðilar eru sammála um að skipa sameiginlegan starfshóp til að vinna að fýsileikagreiningu á því hvaða samstarfsform myndi henta best til að tryggja gæði slíks náms í samræmi við reglugerð og viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Háskóla Íslands og Hallormsstaðaskóli tilnefna hvor um sig tvo fulltrúa til viðræðna um áframhaldandi greiningu. Samhliða þeim viðræðum mun ráðuneytið styðja við áform skólanna og veita faglegan stuðning og leiðsögn þar sem við á. Gert er ráð fyrir að endanleg áform um samstarf ásamt niðurstöðu fýsileikagreiningar liggi fyrir eins fljótt og kostur er. Samþykki háskólaráðs og stjórnar Hallormsstaðaskóla eru forsendur þess að í kjölfarið verði gerð áætlun um næstu skref sem mun byggjast á tillögum fyrrnefnds starfshóps.

Hallormsstaðaskóli, 28. nóvember 2023

  
Hallormsstaðaskóli

  
Rektor Háskóla Íslands

  
Ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis